

Fundargerð

2. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 11. apríl 2006, kl. 18:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson, Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Birgir Guðjónsson, Stefán Jónasson og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri. Guðmundur Kristinsson kom á fundinn og var fram yfir lið 2.a.

1. Fundargerð 1. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Merkisberaverkefnið.

Guðmundur Kristinsson kynnti Merkisberaverkefnið fyrir stjórn og sagði fram ráðstefnu sem hann sótti á vegum EAA í Riccione á Ítalíu um sl. helgi.

3. Fjármál.

a) Styrktarsamningar.

Guðmundur fór yfir stöðu mála varðandi styrktarsamninga fyrir árið 2006. Fram kom að tveir aðalstyrktaraðilar FRÍ hafa samþykkt áframhaldandi samstarf, einn nýr aðili er líklegur, verið er að vinna í fleiri fyrirtækjum og bjóst hann við að fjögur fyrirtæki yrðu komin inn sem aðalstyrktaraðilar FRÍ vegna ársins 2006 á næsti tveimur til þremur vikum.

b) Lántaka til greiðslu skulda.

Samþykkt að heimila gjaldkera og formanni að óska eftir yfirdráttarláni eða skuldabréfaláni til greiðslu útistandandi skulda, allt að 2 milljónum króna.

4. Samningur við RUV.

Drög að samstarfssamningi við RUV vegna útsendinga frá Gullmótum og mótum innanlands. Frestað til næsta fundar.

5. Frjálsíþróttablaðið.

Samþykkt að stefna að útgáfu 4. tbl. Frjálsíþróttablaðsins í byrjun sumars. Framkvæmdastjóra falið að ræða við þá aðila sem sáu um útgáfu fyrstu 2. tbl. um aðkomu þeirra að útgáfu Frjálsíþróttablaðsins að nýju.

6. Mótamál.

a) Óúthlutuð mót 2006.

Samþykkt að MÍ í maraþonhlaupi fram fram sem hluti af Mývatnsmaraþoni 23. júní nk.

Samþykkt að MÍ í hálfmaraþonhlaupi fari fram sem hluti af Reykjavíkumaraþoni 19. ágúst í Reykjavík.

b) Samþykkt að óska eftir mótshöldurum vegna eftirfarandi móta:

- MÍ í 5000m hlaupi kvenna og 10.000m hlaupi karla.
- Bikarkeppni FRÍ, 1.deild, 25.-26. ágúst nk.
- Bikarkeppni FRÍ, 2.deild, 26. ágúst nk.
- MÍ fyrri hluta (fjölþrautir og lengri boðhlaup), 3.-4. júní nk.

c) Norðurlandamót í 10.000m hlaupi karla og kvenna (Nordic 10.000m Challenge). Lagt fram boðsbref vegna keppinnar til hinna Norðurlandanna. Samþykkt að formaður og framkvæmdastjóri verði í undirbúningsnefnd vegna keppinnar, ásamt fulltrúum frá Breiðabliki, en keppnin fer fram á Kópavogsvelli, fimmtudaginn 25. maí nk.

- d) Keppnisferðir í sumar.
- Fararstjórar og þjálfarar. Frestað til næsta fundar.
 - Áætluð þátttaka og kostnaður. Framkvæmdastjóri lagi fram áætlun um þátttöku og kostnað vegna þeirra átta móta sem stefnt er að þátttöku í erlendis á árinu 2006.

7. Nefndir og ráð 2006-2008.

- a) *Tækninefnd*. Eftirfarandi tillaga um nefndarmenn lögð fram: Birgir Guðjónsson, formaður, Hörður Sverrisson og Þorsteinn Þorsteinsson. Samþykkt.
- b) *Skráningarnefnd*. Eftirfarandi tillaga um nefndarmenn lögð fram: Friðrik Þór Óskarsson, formaður, Felix Sigurðsson. Samþykkt.
- c) *Markaðs- og fjárhagsnefnd*. Eftirfarandi tillaga um nefndarmenn lögð fram: Gestur Guðjónsson, formaður, Arnþór Sigurðsson og Hörður Sverrisson. Samþykkt.

Öðrum tillögum um nefndir og ráð frestað til næsta fundar stjórnar.

8. Lagt fram

- a) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 14. mars sl., um niðurstöður úr lyfjaeftirliti. Eftirfarandi íþróttamenn voru nýlega boðaðir til lyfjaeftirlits af Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ: Sveinn Elías Elíasson, Fjölni. Halldór Lárusson, UMFA. Jóhann Ingadóttir, ÍR. Ágústa Tryggvadóttir, Umf. Selfoss. Engin lyf af bannlista fundust fundust í sýnunum.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, bréf dagsett 15. mars sl., um endurnýjun á samningi við Flugfélag Íslands um afsláttarfargjöld í innanlandsflugi.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ dagsett 10. apríl sl., um framboð til forseta og framkvæmdastjórnar ÍSÍ á Íþróttþingi 28.-29. apríl nk.
- d) Lagt fram bréf frá ÍSÍ dagsett 11. apríl sl., um úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ, en FRÍ fær B-styrk vegna Silju Úlfarsdóttir, kr. 80.000.- á mánuði vegna ársins 2006.
- e) Yfirlit yfir alþjóðleg samskipti FRÍ. Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir árleg alþjóðleg samskipti FRÍ s.s. fundi, þing, mót o.s.frv.

9. Önnur mál.

- a) Framkvæmdastjóri kynnti í stuttu máli samstarfsverkefni sem FRÍ og UMFÍ eru að vinna að í útbreiðslumálum.
- b) Formaður lagði til að Oddný Árnadóttir yrði varafulltrúi FRÍ á Íþróttþingi, en Oddný býður sig fram í varastjórn ÍSÍ á þinginu í næsta mánuði. Samþykkt.

Næsti fundur fyrirhugaður þriðjudaginn 25. apríl kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 20:30

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson